

Fundargerð

Kynningarfundur stjórnar Fiskeldissjóðs með Súðavík

117. fundur

Dagsetning: 29. október 2025. Tími: kl. 14:00–14:55. Staður: Teams

Mætt: Frá stjórn Fiskeldissjóðs: Gunnar Karl Guðmundsson, formaður, Kjartan Dige Baldursson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, stjórnarmenn, auk Jóns Baldurs Lorange, starfsmanns sjóðsins sem ritaði fundargerð. Frá Súðavík mætti Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri.

Fundarsetning og kynning

Kjartan Dige Baldursson setti fundinn og fór síðan í gegnum kynningu frá stjórn sjóðsins um fjárveitingar úr sjóðnum, helstu áherslur, valmódel við úthlutun styrkja o.fl. Þá var óskað eftir sjónarmiðum sveitarfélagsins um hugsanlegar breytingar á úthlutunarreglum.

Umræður

Ábendingar komu fram frá sveitarfélaginu um úthlutanir, valmódel, einstakar styrkveitingar o.fl. sem stjórn sjóðsins mun taka til umræðu. Stjórn sjóðsins svaraði þeim spurningum sem komu fram á fundinum eftir bestu getu.

Bragi Þór yfirgaf fundinn um kl. 14:40.

Ákveðið að boða til stjórnarfundar 6. nóvember kl. 10:00 til að taka saman þær athugasemdir og ábendingar sem hafa komið fram á öllum kynningarfundunum með sveitarfélögunum sjö. Jón Baldur ætlaði að draga saman þessar ábendingar með aðstoð ChatGpt og senda stjórn fyrir fundinn.

Fundi slitið kl. 14:55.